

Ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps  
Fundur 12.7. 2018 klukkan 18:00

*Mætt:* Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir (Skotta), Brynjar Darri Kjerúlf (Darri), Gunnar Gunnarsson (GG)

### **1. Kosning formanns**

Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir kosinn formaður nefndarinnar með þremur atkvæðum.

*Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar og Gunnþórunn Ingólfssdóttir, oddviti koma til fundar.*

### **2. Dagskrá Fljótsdalsdags**

Farið yfir dagskrá Fljótsdalsdags sem verður 19. ágúst. Meðal dagskrárliða verður messa, gönguferð, uppboð, Þristarleikar. Stefnt að opnu húsi hjá fyrirtækjum í dalnum.

### **3. Skiltamál við Hengifoss**

Framkvæmdir hafa staðið yfir við göngustíg að Hengifossi í sumar. Komið er að því að setja upp skilti á leiðinni, bæði til fræðslu á svæðinu og kynningu á dalnum. Rætt um útlit, hönnun og mögulegan texta skiltanna.

*Skúli Björn og Gunnþórunn víkja af fundi.*

### **3. Skiltamál í sveitarfélaginu**

Rætt um hugmynd um skilti við þjóðveginn þar sem á myndrænan hátt yrði lýst sérstæðri tölfræði um Fljótsdalshrepps. Ferðamálanefnd leggur til við hreppsnefnd að kannað verði hvort slíkt skilti geti staðið annað hvort við ystu brúna yfir Jökulsá í Fljótsdal eða þar sem núverandi hreppsskilti eru. Ferðamálanend minnir á að við gerð skilta um merka staði í Fljótsdal verði útlit þeirra samræmt og sérstaða dalsins höfð í huga við val á efni í þau, sem og staði og verkefni í ferðamálum. Ferðamálanefnd beinir því til hreppsnefndar að hafin verði vinna við að kortleggja merka staði í Fljótsdal sem æskilegt sé að merktir verði með skiltum.

### **4. Næsti fundur**

Stefnt á fund í lok ágúst eftir Fljótsdalsdag, ef ekki verður boðað til fundar fyrr vegna tilfallandi verkefna.

Fundi slitið 20:30  
GG ritaði fundargerð